

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Grjótaþorp.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 10. apríl 2015 breytingu á skilmálum deiliskipulags Grjótaþorps. Í tillögunni felst breyting á skilmálum vegna gistipjónustu á deiliskipulagssvæðinu. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Álfaland 6.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 15. apríl 2015 breytingu á deiliskipulagi Eyrarlands vegna lóðarinnar nr. 6 við Álfaland. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni og færsla á byggingarreit vörugeymslu. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Friggjarbrunnur 42-44.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 22. apríl 2015 breytingu á skilmálum deiliskipulags Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 42-44 við Friggjarbrunn og 14-18 við Skyggisbraut. Í breytingunni felst lagfæring á útreikningi nýtingarhlutfalls. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Austurbakki 2, reitur 1 og 2.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 22. apríl 2015 breytingu á deiliskipulagi Austurhafnar vegna lóðarinnar nr. 2 við Austurbakka. Í breytingunni felst að hæðarkótar bygginga verði leiðréttir í samræmi við breytingar á hæðarkótum gatna, inndráttur jarðhæðar við Tryggvagötu minnkar úr 2 metrum í 1,5 metra, nýtingarhlutfall hækkar í hlutfalli við B og C rými o.fl. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Úlfarsbraut 122-124.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 17. apríl 2015 breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 122-124 við Úlfarsbraut. Í breytingunni felst að byggingarreitur til bráðabirgða er stækkaður. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Vatnagarðar 8.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 29. apríl 2015 breytingu á deiliskipulagi Vatnagarða 4-24 vegna lóðarinnar nr. 8 við Vatnagarða. Í breytingunni felst að gera nýjan byggingarreit fyrir dreifistöð rafmagns. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 30. apríl 2015.*

**Björn Axelsson.**